



## **Helstu skattalagabreytingar**

Bjarni Þór Bjarnason, sviðsstjóri skatta- og lögfræðisviðs

Skattadagurinn, 15. janúar 2019, Harpa

1

Almennt um skattalagabreytingar

2

Helstu skattalagabreytingar 2019

3

Væntanlegar breytingar





# Almennt um skattalagabreytingar

# Þegar kemur að skattkerfinu eru nokkur atriði sem skipta mestu máli


Atvinnulífið hefur ítrekað kallað eftir því að skattkerfið einkennist af þremur meginatriðum

---


**EINFALT**



**STÖÐUGT**



**SKILVIRKT**



Ár eftir ár er breytingum á skattalögum þó hraðað í gegnum Alþingi, sem veldur

---

**FLÆKJUM**



**ÓVISSU**



**ÓSKILVIRKNI**



 Helstu skattalagabreytingar 2019

# Reglan um takmörkun á frádrætti vaxtagjalda var útvíkkuð þann 1. janúar 2019



Kom upphaflega inn í lögin með lögum nr. 112/2016 um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum o.fl



Ákvæðið felur í sér takmörkun á frádrætti vaxtagjalda vegna lánaviðskipta á milli tengdra aðila



Frádráttarbærni takmarkast við 30% af EBITDA og allt umfram kemur ekki til frádráttar



Ætlað að sporna við flutningi skattstofna frá Íslandi í gegnum lánveitingar innan samstæðu



Takmörkunin átti ekki við í þeim tilvikum þar sem lánveitandi væri innlendir





Með 3. gr. laga nr. 59/2017 var samþykkt að taka út undanþáguna fyrir innlendir lánveitingar



Breytingin tók gildi þann 1. janúar 2019. Ýmsir vankantar á þessu ákvæði:

- Íslenska reglan vísar til „brúttó“ vaxtagjalda en í löndunum í kringum okkur er horft til „nettó“ vaxtagjalda
- Reglan á ekki við ef vaxtagjöld eru lægri en 100 mkr., óljóst hvernig eigi að túlka þetta
- Í flestum löndum er sá vaxtakostnaður sem er ófrádráttarbær yfirfæranlegur til næstu ára, ekki á Íslandi
- Breyting gerð með lögum nr. 138/2018 - takmörkun á vaxtafrádrætti gildi ekki ef um lánveitingar innan samskattaðrar samstæðu er að ræða, eða samstæðan uppfyllir skilyrði samsköttunar, og öll félög samstæðu eru heimilisföst á Íslandi
- Breytingin felur í sér mismunun á milli félagaforma, getur takmarkað verulega möguleika móðurfélags til að fjármagna dótturfélag með lánsfé og skekkir stöðu dótturfélaga eftir eignarhluta

# Þessar reglur munu hafa viðtæk áhrif í för með sér



- A og B fjármagna C
- A og C teljast vera tengdir aðilar, takmörkun vaxtafrádráttar hjá C
- Engin takmörkun frádráttar hjá C vegna vaxtagjalda til B

- A fjármagnar B og félögin uppfylla skilyrði samsköttunar
- Starfsmenn B eiga 9% en ákveðið að auka hlut þeirra í 11%
- Skilyrði samsköttunar ekki lengur uppfyllt
- Skattaleg staða B er gjörbreytt þar sem vaxtagjöld til A eru nú ekki lengur frádráttarbær hjá B

# Talsverðar tæknilegar breytingar voru gerðar á lögum um virðisaukaskatt

## Kaup og sala á þjónustu á milli landa (lög nr. 59/2018)

- Miðað við að skattlagning í viðskiptum á milli landa skuli eiga sér stað í lögsögu þess ríkis þar sem endanleg nýting þjónustunnar á sér stað
- Meginreglan sý á að þjónustan teljist vera nýtt og þar með skattlögð þar sem kaupandi þjónustunnar hefur búsetu eða starfsstöð
- Almenna reglan sý á að sala á þjónustu til erlends atvinnufyrirtækis teljist vera nýtt erlendis og þar með skattskyld erlendis – ekki vsk á Íslandi
- Það kemur í hlut innlends seljanda þjónustunnar að leggja mat á það hvort fyrirtæki hafi með höndum atvinnustarfsemi

## Skilaskylda VSK af aðkeyptri þjónustu („reverse charge“)

- Almenna reglan verður sú að erlend atvinnufyrirtæki sem selja þjónustu til Íslands, og eru ekki með fasta starfsstöð hér á landi, þurfa ekki að skrá sig á virðisaukaskattsskrá
- Í þeim tilvikum hvílir skilaskylda virðisaukaskatts hjá innlendum kaupanda þjónustunnar
- Áfram verða sérreglur um rafrænt afhenta þjónustu auk þess sem erlend atvinnufyrirtæki sem selja hingað til lands fjarskiptaþjónustu eða útvarps- og sjónvarpsþjónustu þurfa að innheimta og standa skil á virðisaukaskatti

## Aðrar breytingar

- Breytingar á ákvæðum laganna um rafræna sölu og áskriftir á tímaritum og fréttablöðum sem miða að því að samræma skattalega meðferð á rafrænni og prentaðri útgáfu
- Breytingar á ákvæðum laganna um heimild ferðaþjónustuleyfshafa til færslu innskatts af aðföngum sínum vegna öflunar og reksturs fólksbifreiða hér á landi í atvinnuskyni
- Með lögum nr. 77/2018 voru gerðar breytingar á ákvæðum virðisaukaskattslaganna sem varða skráningu á virðisaukaskattsskrá. Tilteknum aðilum er nú heimilt að skrá sig með svokallaðri „einfaldri skráningu“



# Ákvæði tekjuskattslaga varðandi frádrátt vegna kaupa á hlutabréfum voru rýmkuð

Búið að fella niður skilyrði um að viðkomandi mætti ekki vera starfsmaður eða stjórnarmaður



Búið að fella niður ákvæði um að frádrátturinn verði bakfærður ef hlutabréfin eru seld innan þriggja ára, einstaklingur tekur upp tengsl við félagið eða ef félagið uppfyllir ekki lengur skilyrði



Framlenging á heimildinni – gildir um fjárfestingar til og með árinu 2021



Þarf ekki að uppfylla skilyrðin í 3 ár eftir fjárfestingu

# Viðmiðunarfjárhæðir skattfrádráttar vegna R&D kostnaðar voru tvöfaldaðar

	2010-2015	2016-2018	2019+
Viðmiðunarfjárhæðir	100-150 mkr.	150-300 mkr.	600-900 mkr.
Hámarksfrádráttur	20-30 mkr.	30-60 mkr.	120-180 mkr.
Veittur frádráttur	6,7 ma. kr.	5,7 ma. kr.+	4 ma. kr. +

Fjárhæðarþak verður ekki afnumið að sinni þar sem ívilnunin félli ekki lengur undir hópundanþágur skv. EES-rétti, en væri svo gert þyrfti að tilkynna hverja og eina ívilnun til ESA


# Breytingar voru gerðar á samsköttunarheimildum

Dómur EFTA dómstólsins í máli E-15/16 (Yara International ASA gegn Noregi)

Með lögum nr. 77/2018 voru gerðar breytingar á ákvæði 55. gr. tekjuskattslaga sem fólu í sér að föstum starfsstöðvum félaga í aðildarríkjum EES, EFTA og Færeyjum sem staðsettar eru á Íslandi var heimiluð samsköttun með innlendum samstæðufélögum

ESA taldi þessar breytingar ekki ganga nægilega langt og því hefur verið lögð til breyting á framangreindu ákvæði, sbr. frumvarp um breytingu á ýmsum lögum vegna skattlagningar tekna erlendra lögaðila í lágskattaríkjum o.fl. sem lagt var fram á Alþingi þann 5. desember 2018


Breytingin felur það í sér að dótturfélögum félaga í aðildarríkjum EES, EFTA eða í Færeyjum, sem staðsett eru hér á landi, verði heimil samsköttun með innlendum samstæðufélögum






Væntanlegar breytingar

# Fjöl margar spurningar vakna varðandi fyrirhugaðar breytingar á CFC ákvæðum



Í frumvarpi til breytinga á lögum vegna skattlagningar lögaðila í lágskattaríkjum o.fl. eru lagðar til breytingar á ákvæði 57. gr. a. tekjuskattslaganna (CFC ákvæði). CFC ákvæði tekjuskattslaganna er ætlað að heimila skattlagningu tekna lögaðila í lágskattaríkjum hér á landi.

# Brýnt að fara í endurskoðun á stofni til útreiknings á fjármagnstekjuskatti



# Breytingar á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda



**Í fyrirbyggjandi frumvarpi er lögð til breyting á 7. gr. staðgreiðslulaga varðandi skil á staðgreiðslu vegna útleigu á vinnuafli.**



**Með breytingunni telst innlendur aðili í byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð sem nýtir vinnuafli erlends aðila á grundvelli samnings um útleigu á vinnuafli eða samnings um annars konar vinnuframlag, launagreiðandi starfsmanna erlenda aðilans samkvæmt lögum þessum, enda séu tiltekin skilyrði uppfyllt**



Undir vörumerki „Deloitte“ sameinast kraftar þúsunda sérfræðinga sem starfa hjá sjálfstæðum félögum um allan heim við að veita viðskiptavinum þjónustu á sviði endurskoðunar, ráðgjafar, fjármála, áhættustjórnunar og skattamála. Þessi félög eru aðilar að Deloitte Touche Tohmatsu Limited (DTTL), sem er breskt einkahlutafélag (private company limited by guarantee). Hvert aðildarfélag veitir þjónustu á tilteknu landssvæði og er bundið þeim lögum og fagreglum sem þar gilda. Félagið DTTL innir ekki af hendi þjónustu til viðskiptavina. DTTL og aðildarfélög þess eru aðskildir og sérgreindir lögaðilar sem ekki geta skuldbundið hvert annað. DTTL og aðildarfélög þess bera eingöngu ábyrgð á eigin gjörðum eða vanrækslu en ekki á aðgerðum hvers annars. Hvert aðildarfélag DTTL er skipulagt í samræmi við innlend lög, reglugerðir, viðskiptavenju og aðra þætti, og getur veitt sérfræðiþjónustu á starfssvæði sínu í gegnum dótturfélög, tengd félög, og/eða önnur félög.

Deloitte veitir bæði opinberum aðilum og einkafyrirtækjum í fjölmörgum atvinnugreinum endurskoðunar-, skatta-, ráðgjafar- og fjármálaþjónustu. Alþjóðlegt sérfræðinet Deloitte tengir saman sérfræðinga í 150 löndum þannig að saman fari ítarleg staðbundin þekking og alþjóðleg hæfni, viðskiptavinum til hagsbóta. Hjá Deloitte starfa um 286.000 sérfræðingar sem stefna saman að því að veita ávallt framúrskarandi þjónustu.

Þetta rit inniheldur almennar upplýsingar; með útgáfu þess eru aðilar að sérfræðineti Deloitte, þ.e. Deloitte Touche Tohmatsu Limited, aðildarfélög þess eða samstarfsfélög, ekki að veita sérfræðiráðgjöf eða þjónustu. Ráðfærðu þig við fagaðila áður en þú tekur ákvörðun eða grípur til aðgerða sem gætu haft áhrif á fjármál þín eða viðskipti. Enginn aðili í sérfræðineti Deloitte skal gerður ábyrgur fyrir tjóni sem kann að verða hjá þeim sem reiðir sig á þetta rit.